

Steindór Haraldsson

Húnavatns- og Skagafjarðarprófastdæmi.

Ég hef starfað í Þjóðkirkjunni undanfarna fjóra áratugi og verið kirkjuþingsmaður frá árinu 2010. Starfað þann tíma í löggjafarnefnd þingsins og sem formaður hennar síðustu tvö kjörtímabil. Ég þekki innviði Þjóðkirkjunnar mjög vel, nánast hvern krók og kima.

Frá upphafi setu minnar á kirkjuþingi hef ég m.a. unnið að breytingu á stjórnsýslu Þjóðkirkjunnar. Á því kjörtímabili sem senn er á enda hafa verið samþykkt á alþingi gjörbreytt þjóðkirkjulög. Í kjölfar þeirra laga var stjórnsýslu Þjóðkirkjunnar skipt upp í tvö aðskilin svið, annars vegar Biskupsstofa, sem fer með kennileg málefni, og hins vegar Rekstrarstofa, sem fer með öll fjármál og rekstur. Þessar tvær mikilvægu breytingar voru samþykktar á kirkjuþingi mótatkvæðalaust.

Einnig hef ég látið stöðu kirkjunnar í héraði mig varða, þ.e.a.s. kirkjuna í dreifbýlinu. Að mínu mati á hún verulega undir högg að sækja og ekki síst nú hin síðari ár. Störf presta í dreifbýli og í þéttbýli eru um margt ólík. Horfið hefur verið frá jafnlaunastefnu Þjóðkirkjunnar og það óréttlæti látið viðgangast að prestar í dreifbýli séu á lægri launum en prestar í þéttbýli. Það ótrúlega í þessu máli er að þessi mismunun og óréttlæti er tilkomið að ósk stjórn prestafélagsins. Þetta leiðir augljóslega til þess að prestar sækjast síður eftir starfi í dreifbýli. Ég dreg þetta hér fram til að lýsa andstöðu minni við þessa stefnu. Ég tel að Þjóðkirkjan eigi að vera í fararbroddi hvað varðar sanngirni og heiðarleika. Hún á enn fremur að vera opin, gagnsæ og stunda fagleg vinnubrögð.

Þetta er birtingarmynd á stöðu dreifbýlis gagnvart þéttbýli. Að mínu mati þarf að skilgreina þessi störf af hlutlausum aðilum, að öðrum kosti fáum við ekki rétta sýn á þau. Sú vinna þarf að eiga sér stað áður en frekari sameining prestakalla og frekari fækkun preststarfa verður ákveðin. Ég tel að í þessu máli sé mikið verk óunnið og full ástæða til að standa vaktina.

Það er mín skoðun að gjá sé á milli kirkjustjórnarinnar og hins almenna þjóðkirkju-manns / konu. Þetta bil þarf að brúa. Ég lagði mikla vinnu í stofnun Sóknasambands Íslands og varð það að veruleika árið 2019. Covid faraldurinn gerði alla eftirfylgni á þeirri stofnun nánast ófæra. Það er samt sem áður eindreginn ásetningur minn, að taka málið upp aftur á þessu ári og koma því endanlega í höfn.